



Reykjavík, 8. september 2026

MIR26090004

ERINDISBRÉF

Starfshópur um framtíðaraðstöðu Siglingafélags Reykjavíkur - Brokey

Ábyrgðarmaður:

Steinþór Einarsson sviðstjóri Menningar- og íþróttasviðs.

Inngangur:

Siglingafélag Reykjavíkur Brokey hefur óskað eftir samstarfi við Reykjavíkurborg um mótun framtíðarsýnar fyrir aðstöðu siglingaíþróttarinnar í Reykjavík en forsvarsmenn félagsins hafa bent er á mikilvægi þess að framtíðarþróun aðstöðu félagsins verði skoðuð með heildstæðum hætti í ljósi uppbyggingaráforma og þróunar á strandsvæðum borgarinnar, meðal annars í Nauthólsvík, Fossvogi, Laugarnesi, við Reykjavíkurborg og í Gufunesi.

Hlutverk:

Markmið starfshópsins er að skapa sameiginlegan vettvang Reykjavíkurborgar, Faxaflóahafna og Siglingafélags Reykjavíkur Brokeyjar til að kortleggja þarfir siglingaíþróttarinnar og leggja mat á mögulega framtíðarskipan aðstöðunnar. Jafnframt verði horft til þess hvernig tryggja megi áframhaldandi uppbyggingu og þróun siglingaíþróttarinnar í Reykjavík til lengri tíma.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

Starfshópnum verði meðal annars falið að:

- fara yfir núverandi stöðu og framtíðarþarfir siglingaíþróttarinnar í Reykjavík
- meta valkosti um staðsetningu og þróun framtíðaraðstöðu
- skoða hvernig best verði staðið að uppbyggingu barna- og unglingastarfs annars vegar og aðstöðu fyrir lengra komna iðkendur og afreksstarf hins vegar
- leggja mat á mögulegt hlutverk einstakra svæða í framtíðarskipan siglingaíþróttarinnar
- gera tillögur um næstu skref og samstarf helstu hagaðila

Við vinnuna verði sérstaklega horft til þeirra valkosta sem fram hafa komið í greiningarvinnu félagsins, þar á meðal hvort Nauthólsvík geti áfram gegnt hlutverki miðstöðvar fyrir barna- og unglingastarf og hvaða möguleikar felast í frekari uppbyggingu aðstöðu fyrir lengra komna iðkendur í Laugarnesi, við Reykjavíkurborg eða í Gufunesi.

Starfshópin/stýrihópin skipa:

Atli Steinn Árnason Skrifstofustjóri Útlífisborgar MÍR formaður hópsins
Gunnar Sigurðsson formaður Siglingaklúbbs Reykjavíkur - Brokey
Guðjón Magnússon meðstjórnandi Siglingaklúbbs Reykjavíkur - Brokey
Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir Verkefnistjóri skipulagsfulltrúa USK



Reykjavík



Fulltrúi frá Faxaflóahöfnum

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Hafsteinn Hrafn Grétarsson MÍR

Til ráðgjafar og samstarfs:

Með skipun starfshópsins skapast sameiginlegur vettvangur helstu hagaðila til að móta framtíðarsýn fyrir siglingaíþróttina í Reykjavík og leggja grunn að stefnumótandi ákvörðunum um framtíðaraðstöðu greinarinnar.

Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni tillögum fyrir lok nóvember 2026.

Steinþór Einarsson
Sviðstjóri
Menningar- og íþróttasvið



Reykjavík